

Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um frávísanir framhaldsskóla og háskóla.

1. *Hve mörgum var vísað frá námi í framhaldsskólum í haust, sundurliðað eftir skólum, og hve margir sem hugðust snúa aftur til náms eftir að hafa hætt tímabundið námi fengu ekki inni í neinum skóla?*

Á haustönn 2004 fengu allir nýnemar skólavist í framhaldsskólum. Ráðuneytið sendi bréf til allra nýnema sem ekki fengu skólavist í fyrstu umferð, þar sem þeim var boðið að hafa samband við ráðuneytið. Aðstoðaði ráðuneytið þá við að finna skólavist. Alls höfðu um 200 nýnemar samband við ráðuneytið síðastliðið sumar í því skyni og var þeim öllum fundin skólavist.

Tölulegar upplýsingar um nema sem höfðu hætt í skóla og vildu hefja nám að nýju á haustönn 2004 liggja ekki fyrir. Upplýsingar um umsækjendur eru skráðar og afgreiddar í hverjum skóla fyrir sig en ekki er unnt að sjá á einum stað hverjir sækja um né hvað verður um umsóknir þeirra. Hér er einnig um persónurekjanlegar upplýsingar að ræða sem ráðuneytið hefur ekki kallað eftir hingað til.

Af þeim ástæðum sem að framan eru raktar er ekki mögulegt að svara með sama hætti síðari lið fyrirspurnarinnar. Fyrir liggur að ýmsir eldri nemar, sem synjað var um dagskóla á haustönn 2004, hófu í staðinn nám í kvöldskóla eða í fjarnámi. Algengt er að nemendur sem skráðir eru í framhaldsskóla sækja um í öðrum skóla. Sé þeim synjuð skólavist þar, ganga þeir áfram að henni vísi í fyrri skólanum. Alltaf er talsvert um að nemendur sem sækja um sérhæft nám, t.d. í löggiltum iðngreinum, komist ekki inn í fyrstu atrennu þar sem fjöldinn takmarkast af aðstöðu, svo sem stærð skólaverkstæða. Fáir úr hópi eldri umsækjenda höfðu samband við ráðuneytið sl. sumar vegna synjunar á skólavist.

2. *Hve mörgum var vísað frá námi í haust í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, sundurliðað eftir deildum?*

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar beint frá háskólunum þremur:

Háskóli Íslands	Fjöldi umsókna sem var hafnað
Guðfræðideild	3
Læknadeild	0*
Lagadeild	4
Viðskipta- og hagfræðideild	13
Heimspékideild	43
Lyfjafræðideild	0
Tannlæknadeild	1
Verkfræðideild	3
Raunvísindadeild	13

Félagsvísindadeild	18
Hjúkrunarfræðideild	7
Samtals	105

* Að loknum inntökuprófum; þeim sem ekki komust í læknisfræði eða sjúkrahjálfun var gefinn kostur á að fara í annað nám.

Háskólinn á Akureyri	Fjöldi umsókna sem var hafnað
Auðlindadeild	1
Félagsvísinda- og lagadeild	9
Heilbrigðisdeild	5
Kennaradeild	30 ^{*1}
Viðskiptadeild	27 ^{*2}
Upplýsingatæknideild	0
Samtals	72

*¹ Af þessum 30 voru 4 umsækjendur sem uppfylltu skilyrði en sóttu um að stunda fjarnám en var hafnað vegna ónógrar þátttöku á þessu skólaári

*² Af þessum 27 voru 12 umsækjendur sem uppfylltu skilyrði en sóttu um að stunda fjarnám en var hafnað vegna ónógrar þátttöku á þessu skólaári

Kennaraháskóli Íslands	Fjöldi umsókna sem var hafnað
<i>Grunndeild:</i>	
Grunnskólabraut	351
Kennsluréttindabraut	205
Íþróttabraut	51
Leikskólabraut	154
Tómstundabraut	18
Þroskaþjálfabraut	36
Samtals	815

Framhaldsdeild:

Dipl. Ed. nám	114
Rannsóknartengt framhaldsnám til meistaraþráðu	2
Samtals	116*

*Hafa ber í huga að nemendur í framhaldsdeild eru nemendur sem þegar hafa lokið háskólaprófi (kennarar með starfsreynslu).